

SAMÞYKKT

Bláskógabyggðar um sorpflutninga og sorpeyðingu.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Bláskógabyggð annast gámaflutninga og sorpeyðingu í sveitarfélaginu og sorphirðu á tilgreindum stöðum. Heilbrigðisnefnd Suðurlands hefur eftirlit með sorpeyðingunni og að farið sé að samþykkt þessari.

Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd gámaflutninga, sorpeyðingar og sorphirðu. Þeir aðilar skulu hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar eða Umhverfisstofnunar eftir því sem við á.

2. gr.

Sorpflutningar og sorpeyðing skal framkvæmd undir yfirstjórn eftirlitsaðila sveitarfélagsins og skal hann jafnframt vera tengiliður og sjá um samskipti við þá aðila sem annast flutning sorps og sorpeyðingu á hverjum tíma. Einnig ber hann ábyrgð á móttöku spilliefna og meðferð landbúnaðarplasts og brotajárns.

3. gr.

Gámasvæði skulu vera aðgengileg. Gámar skulu staðsettir á aðgengilegum stöðum. Líf-rænum úrgangi og jární skal komið fyrir í sérmerкта gáma. Spilliefnum og hættulegum úrgangi skal skilað í móttökustöð sveitarfélagsins.

4. gr.

Sveitarstjórn ákveður, að fengnum tillögum eftirlitsmanns sorpeyðingar og framkvæmd-araðila sorpflutninga, tíðni sorphreinsunar. Ákvörðun um skipulag, staðsetningu og tíðni hreinsunar á gámasvæðum skal auglýst árlega. Fara skal að ákvæðum reglugerðar um úrgang nr. 805/1999.

II. KAFLI

Sorpeyðingargjöld.

5. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar til að standa undir kostnaði við sorphirðu í samræmi við ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjón-ustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

6. gr.

Hafi íbúar fram að færa kvörtun vegna sorpflutninga skal koma henni skriflega á fram-færi til framkvæmdastjóra sveitarfélagsins.

7. gr.

Með brot á þessari samþykkt skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

8. gr.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 25. febrúar 2003.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.